

Fundargerð 410. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, föstudaginn 15. febrúar kl. 09:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason og Lúðvík Geirsson. Í fjarfundarbúnaði voru Guðný Hrund Karlsdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Hanna Björg Konráðsdóttir, og Pétur Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2019 - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 409. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. janúar 2019.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift þeirra stjórnarmanna sem voru ekki í fjarfundarbúnaði.

2. Fjarðabyggð - hafnarreglugerð - 1901009HA

Lagður fram tölvupóstur frá framkvæmdastjóra Fjarðabyggðarhafna, dags. 24. janúar 2019, um ábendingu til Hafnasambands Íslands vegna hafnarreglugerðar, ásamt fylgiskjali.

Formanni falið að setja saman minnisblað um málið og kynna fyrir stjórn.

3. Hafnafundur 2019 - 1901003HA

Fræðslunefnd kynnti drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður 26. september í Þorlákshöfn.

Fræðslunefnd falið að vinna málið áfram og kynna dagskrá á næsta stjórnarfundum hafnasambandsins.

Guðný Hrund kom inn á fundinn kl. 09:25.

4. Samstarfsverkefni hafnasambandsins - 1901005HA

Rætt að nýju um hugsanleg samstarfsverkefni hafnasambandsins. Málinu var frestað á seinasta fundi og formanni falið að skoða hvað aðild að ESPO og flutningahóp Sjávarklasann kostar á ári.

Samþykkt að fresta aðild að ESPO um sinn en formanni falið að ræða um aðild hafnasambandsins að flutningahóp Sjávarklasans.

5. Eftirlit Fiskistofu - skýrsla Ríkisendurskoðunar - 1901008HA

Lögð fram til kynningar stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar á eftirlitshlutverki Fiskistofu, dags. í desember 2018

6. Mengunarvarnarráð hafna og vinna vegna viðbragðsbúnaðar hafna - 1902001HA

Lagður fram til kynningar tölvupóstur frá umhverfisstofnun, dags. 1. febrúar 2019, um mengunarvarnarráð hafna og vinnu vegna viðbragðsbúnaðar hafna, ásamt fylgiskjölum. Fram kom í tölvupóstinum að til stendur að halda vinnustofur út um allt land vegna vinnu við áhættumat fyrir hafnir.

7. Tilnefning í samráðshóp um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni - 1901010HA

Lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 6. febrúar 2019, þar sem Lúðvík Geirsson, frá Hafnarfjarðarhöfn, er tilnefndur í samráðshóp um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni.

Fundi var slitið kl. 10:00

Gísli Gíslason

Guðný Hrund Karlsdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson